

## Óritrýnd grein

Helga Tryggvadóttir var doktorsnemi í mannfræði. Hún var þátttakandi með doktorsnemastyrk í öndvegisverkefningu Hreyfanleiki og Þverþjóðlegt Ísland (Mobilities and Transnational Iceland, styrkt af Rannís 2016-2018) þar sem hún rannsakaði stöðu hælisleitenda á Íslandi. Helga var öflugur rannsakandi og aktivísti sem barðist fyrir málefnum hælisleitanda á Íslandi. Helga lést á meðan greinin var í ritrýningu og er hún því birt óritrýnd. Við, ritstjórar þessa sérheftis sem vorum leiðbeinendur hennar í doktorsnáminu, gerðum smávægilegar breytingar á greininni í samræmi við tillögur ritrýna. Greinin er sérlega mikilvæg, því hún skoðar aðgengi hælisleitenda að íslenskum vinnumarkaði og gerir sýnilegan áhuga þeirra á því að taka virkan þátt í íslensku samfélagi.

# Aðgengi hælisleitenda að íslenskum vinnumarkaði

Helga Tryggvadóttir,  
doktorsnemi í mannfræði, Háskóli Íslands

**Útdráttur:** Markmið þessarar greinar er greina frá niðurstöðum könnunar um aðgengi hælisleitenda að íslenskum vinnumarkaði á meðan þeir eru í hælisumsóknarferli. Kannað var hversu vel hælisleitendum gekk að komast inn á íslenskan vinnumarkað og hvort samræmi væri á milli lagalegrar heimildar þeirra til að sækja um atvinnuleyfi og raunverulegs aðgengis að vinnumarkaðnum. Greinin byggist á vettvangsathugunum og viðtölum við hælisleitendur. Þrátt fyrir að flestir viðmælendur hafi viljað geta unnið fyrir sér reyndist aðgengi þeirra að vinnumarkaðnum takmarkað. Nokkrir viðmælendanna reyndu að sækja um atvinnuleyfi og lögðu mikið á sig til að finna vinnu og halda henni. Helstu hindranirnar í vegi fyrir þátttöku á vinnumarkaðnum var lagaleg staða þeirra, langdregið umsóknarferli og bið eftir kennitölu. Helstu niðurstöður greinarinnar eru að erfitt var fyrir hælisleitendur að fá aðgang að íslenskum vinnumarkaði sem gat leitt til félagslegrar útilokunar þeirra. Þessar hömlur að vinnumarkaðnum settu hælisleitendur í viðkvæma stöðu gagnvart atvinnurekendum og ríkinu.

**Lykilorð:** • hælisleitendur • vinnumarkaður • viðkvæm staða • skrifræði • atvinna

**Abstract:** The aim of this paper is to analyse the access of asylum seekers to Icelandic labour market while their asylum application is in process. The analysis is framed in the context of asylum seekers' precarious position, both on the labour market and in terms of their legal status. Asylum seekers' access to the labour market is limited to a temporary working permit that not all asylum seekers can apply for. Those who could apply for a work permit were faced with other barriers to participation on the labour market. Despite most of the participants in the research wanting to work in Iceland their access to the labour market was limited. A few of the participants tried to apply for a working permit and went to great lengths to find a job and keep it. The greatest barriers to finding and keeping a job was their status as asylum seekers, the lengthy work permit application process and the wait for a social security number. The paper is based on participatory research and interviews with asylum seekers. The main findings are that asylum seekers' access to Icelandic labour market is very limited and can lead to their social exclusion. These limits risk putting asylum seekers in a precarious position towards employers and the state.

**Keywords:** • asylum seekers • labour market • precarity • bureaucracy • work

## Inngangur

Í þessari grein er leitast við að lýsa aðgengi hælisleitenda að íslenskum vinnumarkaði og greina helstu hindranir sem mæta þeim við að komast inn á hann. Lagalegar hindranir gera það að verkum að einungis sumir hælisleitendur hafa rétt til þess að sækja um atvinnuleyfi. Þeir hafa ekki rétt til að sækja um atvinnuleyfi ef umsókn þeirra fellur undir Dyflinnarreglugerðina eða aðrar greinar laga sem kveða á um að slíkar hælisumsóknir skulu teknar fyrir í öðru Evrópuríki, (77. gr. útlendingalaga nr. 80/2016). Þeir sem hafa rétt til að sækja um tímabundið atvinnuleyfi, á meðan hælisumsókn þeirra er tekin fyrir, takast á við ýmsar hindranir. Langur úrvinnslutími umsókna, fjárhagsskortur og skortur á húsnæði gerir þeim erfitt fyrir að komast inn á vinnumarkaðinn. Slíkt atvinnuleyfi er einnig alltaf hægt að afturkalla ef hælisumsókn viðkomandi er hafnað og veitir því takmörkuð réttindi. Margir hælisleitendur komast ekki inn á vinnumarkaðinn á meðan þeir bíða eftir svári við við hælisumsókn en sú bið getur tekið langan tíma. Á meðan hafa þeir lítið við að vera. Afleiðingar langvarandi atvinnuleysis fela meðal annars í sér neikvætt sjálfsmat, þunglyndi og erfiðleika við að hafa eitthvað fyrir stafni (Hartley og Fleay, 2013; Ingvarsson, Egilsson og Skaptadóttir, 2016).

Útilokun hælisleitenda frá hinum ýmsu kimum samfélagsins er réttlætt með því að ef umsókn þeirra um hæli er hafnað verði þeir mögulega alfarið útilokaðir frá þjóðfélaginu þar sem þeir dveljast (Cabot, 2012; Hynes, 2011). Þessar aðstæður geta valdið því að fólk lendir í viðkvæmri stöðu bæði gagnvart atvinnurekendum og gagnvart ríkinu. Fjölmargir fræðimenn hafa rannsakað slíkar aðstæður út frá hugtakinu „precarity“ (Anderson, 2010; Casas-Cortéz, 2014; Lewis o.fl., 2015; Waite, 2009). Hugtakið *precarity* hefur verið þýtt sem hark og *precarious work* sem harkvinna og er sú þýðing notuð hér (sjá Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska 2019). Brottflytningar með valdi og skortur á hreyfanleika geta leitt til þess að fólk lendir fremur í harki (Casas-Cortéz, 2014; Lubkemann, 2008). Kostnaður við flutninga er oft mikill, sér í lagi þegar miklar hömlur eru á þeim og fólk þarf að nýta sér þjónustu smyglara. Til þess að hafa efni á því að flytjast milli staða þarf fjármagn og til að útvega það getur fólk þurft að nýta sér sparifé sitt eða fjölskyldunnar, skuldsetja sig eða selja frá sér land eða eignir til þess að fjármagna för sína (Bhatia, 2015; Cross, 2013). Takmarkanir á flutningum fólks frá fátækum svæðum magnar oft upp viðkvæma stöðu fólks og það lendir því fremur í harkvinnu (Anderson, Sharma og Wright, 2009).

Í greininni er leitast við að svara því hvert aðgengi hælisleitenda er að íslenskum vinnumarkaði. Fjallað verður um hverjar helstu hindranirnar eru og hvernig þessar hindranir gera fólki erfitt fyrir að vinna löglega. Rannsóknin byggist á viðtölum við 26 einstaklinga sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hér á landi. Margir þeirra hafa mikinn áhuga á að komast inn á vinnumarkaðinn en þeim reynist það erfitt af ýmsum orsökum. Sú tegund atvinnuleyfis, sem þeir geta sótt um, er tímabundið atvinnuleyfi en það fellur sjálfkrafa niður verði umsókn þeirra um hæli hafnað. Þeir hælisleitendur, sem fá aðgang að íslenskum vinnumarkaði með tímabundnu atvinnuleyfi, verða þannig að sveigjanlegu vinnuafli. Sem slíkir eru þeir ekki í aðstöðu til að vinna sér inn réttindi og geta auðveldlega misst atvinnuleyfi sitt sem er bundið einum atvinnurekanda. Þeir hafa því lítið vald til að hafa áhrif á stöðu sína á vinnumarkaði og eiga í ójöfnum valdatengslum við atvinnurekandann. Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að hælisleitendur séu félagslega útilokaðir frá íslensku samfélagi. Þrátt fyrir að vera í viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði lýsa

Þátttakendur í rannsókninni miklum vilja til að komast inn á íslenskan vinnumarkað í þeim tilgangi að geta séð um sig sjálfir og koma undir sig fótunum.

## Viðkvæm staða á vinnumarkaði og félagsleg útilokun

Í evrópskum velferðarkerfum er mikil áhersla lögð á fulla þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði. Til að teljast fullgildur samfélagsþegn er álitid nauðsynlegt að skila sínu til samfélagsins í formi launavinnu og skatta. Á Norðurlöndum hefur aðlögun innflytjenda og minnihlutahópa inn í samfélagid verið álitin málefni ríkisins og velferðarkerfisins að meira marki en í öðrum Evrópulöndum. Það að aðlagast samfélaginu er jafnan talið fela í sér að verða hluti af vinnumarkaðnum og mentakerfinu (Pedersen, 2012). Þar af leiðandi eru hindranir inn á vinnumarkaðinn ekki eingöngu hindranir að atvinnu heldur einnig að þátttöku í samfélaginu (Sales, 2002). Hindranir að vinnumarkaði valda útilokun sumra og innlimun annarra (Aas, 2011). Útilokun getur einnig verið félagsleg og er þá átt við hindranir sem koma í veg fyrir fulla þátttöku einstaklinga í samfélaginu sem þeir búa í (Aas, 2011; Burchardt, Le Grand og Piachaud, 1999; Correa-Velez, Spaaij og Upham, 2012). Viðtekið þema í umræðum um hælisleitendur í Evrópu fjallar um þá sem byrði á velferðarkerfinu. Algengt er að sú umræða feli í sér gagnrýni á að þeir lifi af bótum og valdi því kostnaði fyrir samfélagid; þetta er því þversögn því að á sama tíma er þeim oft neitað um rétt til launavinnu á meðan þeir bíða svars við hælisumsókn sinni (Duffield, 2006). Neikvæðar afleiðingar þess að geta ekki unnið eru til að mynda upplifun af tilgangsleysi, neikvætt sjálfsmat og skortur á félagslegum tengslum í samfélaginu. Skortur á atvinnu getur valdið þunglyndi og streitu (Doyle, 2009; Hartley og Fleay, 2014; Ingvarsson, Egilsson og Skaptadóttir, 2016).

Hælisleitendum, sem bíða svars við umsókn sinni, er víða alfarið meinaður aðgangur að vinnumarkaði (Duffield, 2006). Þetta sambland af viðkvæmri innflytjendastöðu og harki á vinnumarkaði hefur verið nefnt „ofur-viðkvæm staða“ (hyper-precarious lives) (Lewis o.fl., 2015, 582). Þeir sem eru ekki með neina borgaralega stöðu í viðkomandi ríki — óskráðir innflytjendur eða hælisleitendur sem bíða brottvísunar — eru þar fyrir utan í hættu á að vera tilkynntir til yfirvalda og vísað brott. Ótti þeirra við það eykur hættu á arðráni og misnotkun á þeim þar sem þeir geta oft ekki leitað til yfirvalda (Anderson, Sharma og Wright, 2009; Fassin, 2011). Þessi tegund verkafólks er það sem Bridget Anderson (2010) kallar „ofur-sveigjanlegt“ (e. hyperflexible) vinnuafl. Það er til staðar, þegar á þarf að halda, en getur ekki gert kröfur þegar ekki er þörf fyrir það. Erfið staða margra þeirra sem tilheyrja þessum hópi veldur því að þeir sætta sig við laun og vinnuáðstæður sem annað verkafólk getur hafnað. Lagaleg staða hælisleitenda er tímabundin á meðan unnið er í hælisumsókn þeirra. Að lifa við óvissu, á meðan þeir bíða svars, reynist mörgum þeirra erfitt. Ofan á hark á vinnumarkaði og tilraunir til að komast inn á hann bætist því óvissa vegna þess að staða þeirra er tímabundin og þeir vita ekki hvort þeir muni fá dvalarleyfi eða verði vísað brott (Andersson, 2014; Griffiths, 2014).

Við fyrstu sýn virðist augljóst að hreyfanleiki vinnuafls frá löndum utan Evrópu sé takmarkaður en þegar nánar er að gáð má sjá að það er ekki endilega svo. Efnahagskerfi vestrænna ríkja er þannig uppbyggt að samtímis er þörf fyrir ódýrt og sveigjanlegt vinnuafl. Á sama tíma er fullveldi ríkjanna viðhaldið að hluta til með því að hafa stjórn á hreyfanleika fólks (Turner, 2007).

Innan Evrópu er oft litið á farendur (e. migrants) frá Afríku sem ólöglega innflytjendur sem myndu eiga auðveldara og betra líf heima hjá sér. Þessi sýn tekur þó ekki inn í myndina að þeir eru nauðsynlegur hluti hagkerfisins í Suður-Evrópu (Cross, 2013; Stobart, 2009). Hannah Cross (2013) hefur nýtt sér hugtak Davids Harvey (2005) um auðsöfnun með eignasviptingu (e. accumulation of dispossession) til greiningar á fólksflutningum þar sem sala á landi eða framleiðslutækjum er notuð til að fjármagna fólksflutninga til Vesturlanda. Þrátt fyrir að slíkir fólksflutningar séu oft áhættusamir þá er vonin um að hefja betra líf annars staðar oft álitin þess virði (Loftsdóttir, 2017). Hreyfanleiki fjármagns er í andstöðu við takmarkaðan hreyfanleika fólks. Samtengt fjármálakerfi, sem verður til á sama tíma og hreyfing fólks yfir landamæri er takmörkuð, býr þar með til valdakerfi þar sem vinnuafl er valdalítið (Anderson, Sharma og Wright, 2009; Cross, 2013; De Genova, 2015). Paul Cammack (2009) hefur enn fremur tengt þetta við áherslur Alþjóðabankans og alþjóðlegra þróunarstofnana um áherslu á samkeppni á vinnumarkaði. Það virðist því sem það séu ekki bara erfiðleikar við að loka landamærum, sem valdi áframhaldandi fólksflutningum til Evrópu, heldur eftirspurn eftir óskráðum innflytjendum (Stobart, 2009). Étienne Balibar (2009) tekur þetta skrefinu lengra og segir hreint út að tilgangur þeirrar stefnu að halda landamærum að einhverju leyti grísjóttum sé að viðhalda óöryggi þeirra sem fara yfir þau á „ólöglegan“ hátt. Saskia Sassen (1988) bendir á að landamæravarsla valdi því að hægt sé að þrýsta niður launum með því að glæpavæða hluta af verkamannastéttinni. Þessar andstæður, þ.e. áherslan á að loka landamærum og viljinn til að halda þeim opnum, fela í sér að samtímis eru innflytjendur annars vegar dregnir að Evrópu og hins vegar hraktir burt, sem skapar hjá þeim varanlegt óöryggi. Það sé því ekki tilgangur með landamærum að halda aftur af flutningi fólks til Evrópu þar sem þörf sé á því til þess að viðhalda varavinnuafli (Balibar, 2009; Sassen, 1988).

## Aðferðir

Rannsóknin byggir á etnógrafískum rannsóknaraðferðum þar sem notast var við niðurstöður frá sex mánaða þátttökuathugunum og viðtölum við 26 einstaklinga frá tíu löndum. Í þremur tilfellum voru tekin tvö viðtöl við sama einstakling, fyrir og eftir að þessir þrír viðmælendur höfðu fengið stöðu flóttamanns. Í fimm tilfellum var um að ræða viðtöl við þör eða hópa. Úrtakið var snjóboltaúrtak þar sem rannsakandinn hafði upphaflega samband við viðmælendur í gegnum sameiginlega kunningja og þeir þátttakendur bentu rannsakandanum svo á aðra viðmælendur. Viðtölin voru hálfstöðluð, það er að stuðst var við viðtalsramma en viðmælendum var að miklu leyti leyft að stýra viðtalinu. Meirihluti viðtalanna fór fram á ensku, eða viðtöl við 21 einstakling. Viðtöl við fimm einstaklinga fóru fram með aðstoð túlks á frummáli viðmælandans. Þar sem vísað er beint í orð viðmælenda hér á eftir eru orð þeirra þýdd yfir á íslensku af rannsakanda. Viðmælendum var lofað nafnleysi og er hér eftir vísað til þeirra án nafns. Viðtölin fóru fram á mismunandi stöðum, flest á heimili þátttakenda en einnig á kaffihúsi, utandyra og í Háskóla Íslands. Viðtölin stóðu frá 40 mínútum og upp í tvær klukkustundir en flest í kringum klukkutíma. Fyrir viðtal var markmið rannsóknarinnar útskýrt og upplýst samþykki fengið sem bæði var kynnt munnlega og með bréfi. Viðtölin voru tekin upp, afrituð og þemagreind samkvæmt aðferðum grundaðrar kenningar og með opinni kóðun (Priest, Roberts og Woods, 2003; Suddaby, 2006). Hér verður fjallað um þann þátt rannsóknarinnar sem sneri að vinnumarkaðnum.

Einnig byggja niðurstöðurnar á þáttökuathugunum þar sem rannsakandinn tók þátt eða var viðstaddur ýmsa viðburði og daglegt lífi hælisleitenda í hálfri ári, þar á meðal mótmeili, viðtöl við lögfræðinga, fjölmiðlaviðtöl og heimsóknir á heimili þeirra. Aðgangur að vettvangnum var nokkuð takmarkaður þar sem meðal annars er ekki gert ráð fyrir heimsóknum á sum heimili hælisleitenda. Mikið af félagsstarfi þeirra fer fram á vegum Rauða kross Íslands og er aðgangur að því einnig takmarkaður við sjálfboðaliða Rauða krossins. Meirihluti þátttakenda var karlmenn en einungis þrjár konur. Saga þeirra og bakgrunnur var mjög mismunandi. Fólkið hafði verið misjafnlega lengi á flóttu frá upprunalandinu. Þegar viðtölin voru tekin höfðu tíu þátttakendur sótt um tímabundið atvinnuleyfi. Fjórir þeirra höfðu fengið leyfi, aðrir fjórir biðu eftir svári en tveimur höfðu verið neitað um tímabundið atvinnuleyfi. Við lestur þessarar greinar má hafa í huga ákveðin siðferðileg álitamál. Um er að ræða valdamun milli rannsakanda og viðmælenda þar sem viðmælendur eru einstaklingar í viðkvæmri stöðu, bæði gagnvart ríkinu og atvinnurekendum. Fjöldi hælisleitenda á Íslandi er einnig takmarkaður. Því er sérstök áhersla lögð á að hylja nöfn, uppruna og persónueinkenni.

## Vilji til að vera á vinnumarkaði

Þar til árið 2015 voru hælisleitendur fremur fámennur hópur á Íslandi. Árið 2008 sóttu 73 einstaklingar um hæli á Íslandi en árið 2014 voru þeir 175 (Útlendingastofnun, 2018a). Frá 2015 til 2017 fjölgaði hælisleitendum hratt. Árið 2015 voru þeir 354 en yfir þúsund manns 2017 (Útlendingastofnun, 2018c). Einstaklingar, sem hafa sótt um hæli í öðru Evrópuríki og falla því undir Dyflinnarreglugerðina eða sambærilega alþjóðlega sáttmála (svo sem norræna samstarfssamninga), eru fyrst metnir út frá því hvort þeir skuli – á grundvelli þessara sáttmála – sendir aftur til fyrsta ríkisins, sem þeir komu til innan Evrópu, áður en umsókn þeirra um hæli er tekin til efnislegrar meðferðar á Íslandi. Á tímabilinu frá 2008 til 2017 voru á milli 26% (árið 2010) og 69% (árið 2012) umsækjenda um hæli á Íslandi sendir til annars Evrópulands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar (Útlendingastofnun, 2018a). Frá 2015 til 2017 var þetta hlutfall í kringum þriðjungur umsókna (Útlendingastofnun, 2018c). Í slíkum málum er ekki tekin afstaða til þess hvort viðkomandi telst flóttamaður eða ekki heldur eingöngu í hvaða landi mál hans skuli tekið til meðferðar. Ef tekin er ákvörðun um að viðkomandi hljóti efnismeðferð á Íslandi er mál hans sent aftur til Útlendingastofnunar. Meðaltímalengd fyrir Dyflinnarmál árið 2016 var um 100 dagar hjá Útlendingastofnun og svipuð tímalengd var fyrir mál sem hlutu efnismeðferð (Útlendingastofnun, 2016a). Ef viðkomandi áfrýjar niðurstöðu er líklegt að tíminn aukist um tvo mánuði ef um Dyflinnarmál er að ræða en um þrjá mánuði ef um efnismeðferð er að ræða (Kæruneftnd útlendingamála, 2018).

Eins og fyrr var sagt geta hælisleitendur sótt um atvinnuleyfi til bráðabirgða á meðan þeir biða eftir svári við hælisumsókn sinni. Þeir þurfa þó að uppfylla ákveðin skilyrði til að eiga rétt á því. Skýrsla þarf að hafa verið tekin af viðkomandi hælisleitanda, ekki má leika vafi á því hver hann er, einnig þarf hann að hafa veitt upplýsingar um stöðu sína og hafa aðstoðað við úrlausn máls síns. Enn fremur fela skilyrðin í sér að ekki liggi fyrir ástæður sem leiða til brottvísunar og að ekki liggi fyrir beiðni um að annað ríki taki við honum (77. gr. útlendingalaga nr. 80/2016). Undir síðastnefnda skilyrðið falla einstaklingar sem á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar má

senda aftur til fyrsta landsins sem þeir komu til innan Evrópu. Til þess að geta fengið bráðabirgðaatvinnuleyfi þarf mál viðkomandi því að hafa vera tekið til efnismeðferðar hér á landi. Einnig þarf viðkomandi að leggja fram umsókn um bráðabirgðadvalarleyfi, atvinnuleyfi vegna sérstakra aðstæðna undirritað af stéttarfélagi, ráðningarsamning sem tryggir lágmarksframfærslu, húsnæðisvottorð eða húsaleigusamning, sjúkrakostnaðartryggingu og læknisvottorð sóttvarnarlæknis ásamt afgreiðslugjaldi (Útlendingastofnun, 2018b).

Í rannsóknum meðal hælisleitenda á Íslandi hefur komið fram að þeir leggja mikla áherslu á að komast inn á vinnumarkaðinn (Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 2017; Ingvarsson, Egilson og Skaptadóttir, 2016). Í niðurstöðum þessarar rannsóknar kom einnig fram skýr vilji viðmælenda til að vinna. Nokkrir viðmælendur töldu það mikilvægt að læra góða íslensku og lögðu áherslu á að læra fyrst en fara svo út á vinnumarkaðinn. Aðrir vildu sem fyrst fá atvinnuleyfi og helst sökkva sér í vinnu. Þeir sem voru komnir með atvinnuleyfi unnu oft mjög mikið. Mikilvægi þess að hafa vinnu kom skýrt fram í viðtölunum og kom það bæði inn á skyldur þeirra gagnvart fjölskyldum þeirra sem bjuggu enn í heimalandinu sem og skyldur þeirra gagnvart samfélaginu. Enn fremur tengdist viljinn til að vinna sjálfsmýnd þeirra og nauðsyn þess að hafa eitthvað fyrir stafni. Sumir þeirra höfðu verið hælisleitendur í langan tíma og höfðu reynt að sækja um hæli í fleiri en einu landi. Þeir höfðu þá upplifað það að hafa ekki í sig og á. Flestir þeirra settu það fram þannig að verra en þeirra eigin fátækt hafi verið skömmin að geta ekki aðstoðað fjölskyldur sínar eða hafa jafnvel þurft að biðja fjölskyldumeðlimi um fjárhagsaðstoð. Einn þeirra hafði verið það lengi í hæliserlinu að hann þurfti ítrekað að biðja fjölskyldu sína um lán. Honum hafði verið neitað um hæli í öðru Evrópulandi áður en hann kom til Íslands og hann óttaðist hann um líf sitt í heimalandinu; sagði hann að hann hefði fyrir löngu verið fluttur aftur heim, ef hann gæti það, fremur en að þurfa að biðja um aðstoð frá fjölskyldu sinni. Annar hafði einnig verið lengi í hælisumsóknarferli og sagðist hafa óttast neikvæða niðurstöðu og að þurfa að fara heim tómhentur. Að lokum hafði hann hlotið atvinnuleyfi og var kominn með fast starf. Þrátt fyrir að búa við lítil efni í einu herbergi kvaðst hann mjög sáttur því að hann gat loksins sent peninga heim til að borga fyrir menntun og upphald barna sinna. Fyrir marga hælisumsækjendur var umsóknarferlið langdregið og kostnaðarsamt. Þeir sem höfðu sótt um hæli annars staðar, áður en til Íslands var komið, höfðu margir borgað lögfræðingum og einnig sektir fyrir ólöglega för milli landa. Sumir höfðu borgað smyglurum fyrir farmiða og skilríki á uppsprengdu verði. Aðrir höfðu fjármagnað þetta með sölu eigna í heimalandinu, aðrir með aðstoð frá fjölskyldu og með skuldsetningu en flestir með tímabundinni, óskráðri vinnu áður en þeir komu til Íslands. Efnahagsleg staða þeirra, áður en þeir flúðu land, var mjög misjöfn. Sumir komu úr efnahagslega vel stæðum fjölskyldum og efra lagi samfélagsins. Nokkrir höfðu verið í háskólanámi eða nýlega lokið því þegar þeir flúðu. Í öðrum tilfellum var um að ræða fólk sem var alið upp í sárri fátækt.

Viðmælendurnir töluðu einnig um að þeir þyrftu á því að halda af andlegum ástæðum að vinna til að hafa einhvern tilgang í lífinu og sem leið til að viðhalda sjálfstrausti. Þeir sáu það einnig sem leið til að takast á við streituna sem fylgdi því að bíða eftir svári við umsókn sinni. Einn viðmælendinn orðaði það þannig:

Fólk sem kemur frá Mið-Austurlöndum eða öðrum heimshlutum, frá fátækum löndum aðallega, þetta fólk er vant því að vinna frá því þau voru ung ... þetta

fólk þarf á því að halda að vinna, ekki bara vegna peninganna, þeir skipta máli líka, en þau eru eiginlega andlega háð því að vinna, þau hafa það ágætt á meðan þau vinna, þegar þau eru að gera eitthvað finnst þeim þau hafa það allt í lagi af því þau eru ekki að hugsa.

Þeim sem höfðu þurft að bíða lengi eftir svari við hælisumsókn sinni og verið án atvinnu í langan tíma fannst þeir hafa misst af í lífinu. Margir töluðu um að vinir þeirra og fyrrum skólafélagar væru nú búnir að skapa sér líf og hefðu eignast fjölskyldu. Á sama tíma væru þeir ennþá að bíða eftir svari um hvort þeir fengju stöðu flóttamanns og dvalarleyfi.

Viðmælendurnir lögðu flestir mikla áherslu á að vera duglegir og lögðu mikið á sig til að finna vinnu og til að halda henni. Margir viðmælendanna töluðu um að það þjónaði hagsmunum íslenska ríkisins að veita þeim atvinnuleyfi og þeir gætu þá borgað skatta í stað þess að vera byrði á ríkinu með því að þiggja félagslegar bætur. Best væri ef þeir gætu fengið tímabundið atvinnuleyfi þar til þeir fengju svar við hælisumsókninni til þess að vera ekki byrði á félagslega kerfinu. Einn viðmælendanna orðaði það svona: „Vinna er góð fyrir íslenska ríkið, fyrir samfélagið, þeir borga skatta, þeir hafa sitt eigið húsnæði, þeir sjá um sig sjálfir og þurfa ekki félagslega aðstoð.“

Sumir töluðu jafnvel um að þeir væru tilbúnir til að sleppa hælisumsókninni og fá frekar atvinnu- og dvalarleyfi til skamms tíma til að „sanna sig“. Þetta bendir til þess að þeir taki fullan þátt í hugmyndinni um að vera samkeppnisfært vinnuafli og að það skipti mestu máli að vera duglegur. Í þessu samhengi virtust þeir ekki hugsa mikið út í hvað það myndi fela í sér ef þeir fengju slíkt leyfi og misstu vinnuna því að í öllum tilfellum upplifðu þeir sig í raunverulegri hættu í heimalandinu og töldu sér ekki fært að snúa aftur þangað:

Þó ég myndi hætta við hælisumsóknina þá myndi það ekki skipta mig miklu máli því mér líkar í raun ekki vel að vera hælisleitandi. Ef mér yrði leyft að búa hérna, ef ég væri bara spurður: „Geturðu unnið?“ og séð fyrir fjölskyldunni þá væri ég mjög ánægður, ég myndi segja „já“ um leið og gleyma þessari hælisumsókn.

## Hindranir inn á vinnumarkaðinn

Eins og fram kemur hér að framan þurftu umsækjendur að uppfylla ýmis skilyrði til að geta sótt um bráðabirgðaatvinnuleyfi. Einnig þurftu þeir að borga fyrir umsóknirnar sem gat reynst íþyngjandi þar sem þeir voru ekki komnir út á vinnumarkaðinn. Fyrir marga af þátttakendunum í þessari rannsókn var ruglingslegt hvort þeir hefðu rétt á að sækja um atvinnuleyfi og þeir fengu misvísandi upplýsingar um það. Þetta átti sérstaklega við um þá viðmælendur sem komu fyrst og höfðu beðið einna lengst eftir svari. Svo virðist sem fyrir þá sem komu síðar hafi reglurnar verið skýrari. Þeir sem komu frá öðru Evrópuríki og féllu undir Dyflinnarreglugerðina höfðu ekki rétt á því að sækja um atvinnuleyfi á meðan hælisumsókn þeirra var yfirfarin. Ef mál þeirra var hins vegar metið þannig, að ekki ætti að senda þá aftur til Evrópu á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar og mál þeirra yrði því tekið til efnismeðferðar, gátu þeir sótt um tímabundið atvinnuleyfi. Það var þó ekki forsenda fyrir dvalarleyfi og því var hægt að fella atvinnuleyfið niður ef viðkomandi yrði neitað um hæli. Að sama skapi var atvinnuleyfið venjulega aðeins veitt til sex mánaða og því þurfti að endurnýja það að þeim tíma loknum. Hælisleitendur



þurftu sjálfir að leggja út fyrir kostnaði við umsóknina. Þeir sem sóttu um atvinnuleyfi þurftu að sýna fram á að þeir byggju ekki í því húsnæði sem þeim var útvegað af hálfu Útlendingastofnunar eða Félagsþjónustunnar. Þeir þurftu því að hafa fundið sér húsnæði til leigu áður en þeir sóttu um atvinnuleyfi sem reyndist flestum ómögulegt enda þyrftu þeir þá að hafa safnað fé eða vera með tekjur til að greiða leigu og tryggingar. Þeir sem sóttu um atvinnuleyfi voru því gjarnan upp á aðra komnir með að fá skráð húsnæði. Til viðbótar þurftu þeir að kaupa sjúkratryggingu í sex mánuði. Þegar öllum gögnum hafði verið skilað inn, þar á meðal ráðningarsamningi, þurftu þeir að biða með að byrja að vinna þar til umsóknin hafði verið yfirfarin og þeim hafði verið úthlutað kennitölu. Þetta ferli tók mislangan tíma, allt frá tveimur vikum upp í meira en þrjá mánuði. Einn þátttakandi skilaði inn umsókn um atvinnuleyfi þrisvar sinnum og annar fimm sinnum og voru báðir krafðir greiðslu fyrir hverja umsókn.

Þeir sem fengu atvinnuleyfi, á meðan þeir voru enn í hælisumsóknarferli, fengu tímabundið atvinnuleyfi. Samkvæmt lögum ber útlendingum, sem vinna á Íslandi, að greiða sama tekjuskatt og útsvar og Íslendingar og eiga sama rétt til persónuafsláttar (Ríkisskattstjóri, 2018). Fólk, sem unnið hefur á Íslandi og kemur frá löndum utan EES, á rétt til að fá endurgreiðslur úr lífeyrissjóði þegar það yfirgefur EES-svæðið (Landssamtök lífeyrissjóða, 2018). Hins vegar kom í ljós að margir viðmælendanna, sem höfðu tímabundið atvinnuleyfi meðan á hælisumsókn þeirra stóð, þekktu rétt sinn illa. Einn þeirra skildi til dæmis ekki hvers vegna hann þyrfti að borga fulla skatta en líka borga heilbrigðisþjónustu fullu verði þar sem hann var ekki búinn að öðlast rétt til sjúkratryggingar. Hann þekkti ekki reglur um persónuafslátt og hafði ekki beðið vinnuveitanda sinn um að nýta skattkort. Hann var mjög meðvitaður um að þrátt fyrir að vera með tímabundið atvinnuleyfi hefði hann ekki sama rétt og aðrir skattgreiðendur. Ef hann myndi missa vinnuna hefði hann ekki rétt á atvinnuleysisbótum og gæti því ekki haldið íbúðinni sinni. „Ég færi aftur í tíu þúsund [framfærsla hælisleitenda] þá væru skattarnir mínir horfnir.“ Ef hann þyrfti að fara til læknis þyrfti hann að borga fullt verð. Í þessu dæmi þótti honum ósanngjarnt að skattgreiðslur veittu honum ekki sama rétt og öðrum.

Hælisleitendur með tímabundið atvinnuleyfi geta átt það á hættu að atvinnuleyfið verði afturkallað og þeir fluttir úr landi ef hælisumsókn þeirra er hafnað. Í slíkum tilfellum þekkja fáir þeirra rétt sinn eða geta sótt sér hann. Nokkrir viðmælendanna höfðu reynslu af því að hafa dvalið áður í Noregi og unnið þar með tímabundið atvinnuleyfi, stundum svo árum skiptir, en að lokum var hælisumsókn þeirra hafnað og þá áttu þeir á hættu að vera vísað úr landi. Tímabundið atvinnuleyfi er ekki bara fellt niður, ef um brottvísun er að ræða, heldur líka ef viðkomandi skiptir um vinnuveitanda. Einn viðmælendanna, sem hafði skipt um vinnuveitanda, vissi ekki af þessu, „Ég hætti, ég hélt að ég gæti það, ég var með kennitölu og mátti vinna.“ Þegar hann ætlaði að hefja störf á nýja staðnum hafði atvinnurekandinn samband við Útlendingastofnun sem sagði að hann þyrfti þá að sækja um nýtt atvinnuleyfi: „Guð minn góður, ég hætti í vinnunni strax og var beðinn um að koma ekki til vinnu fyrr en leyfið væri komið.“ Í þessu tilfelli tók reyndar skamman tíma að fá nýtt leyfi en í millitíðinni var hann tekjulaus með tilheyrandi hættu á að missa húsnæði eða jafnvel að annar yrði ráðinn inn í hans stað á meðan hann biði eftir leyfinu. Nokkur dæmi eru um hversu mikið þátttakendurnir lögðu á sig til að finna og halda vinnu og sýna þau viðkvæma stöðu þeirra. Einn þeirra tók rútu frá Keflavík til Reykjavíkur daglega og gekk á milli vinnustaða til að finna starf. Nokkrum sinnum lenti hann í því að missa af rútunni aftur til baka og sofa úti. Annar

samdi við atvinnurekanda sinn um að fá að sinna starfi sínu að nóttu til, fyrir sömu laun, því hann bjó það langt í burtu frá vinnustaðnum að hann náði ekki að mæta með strætó í tæka tíð. Það sama átti við um þann þriðja sem bjó í öðru bæjarfélagi og hafði ekki efni á strætóferðum til og frá vinnustaðnum svo að hann gisti utandyra í nokkrar nætur:

Ég fór til vinnu klukkan tíu um morguninn og vann til klukkan tíu um kvöldið. Ég fór út og gekk um, það var svo kalt að ég gat ekki sofíð, ég gat ekki sofíð. Ég gekk um fram undir morgun og fór aftur að vinna frá tíu til tíu. Ég var með svefnpokann minn og sat bak við hurð...ég var svona [rær fram í gráðið] og yfirmaður minn kom: „Ó, hvað ert þú búinn að vera hérna lengi?“ Þeir gætu ekki skilið þetta. Ég sagði bara: „Opnaðu dyrnar, ég vil fara að vinna.“

Ein birtingarmynd þessarar viðkvæmu stöðu er að félagslegur hreyfanleiki þátttakenda var ekki „upp á við“ í samfélaginu heldur voru þeir ýmist í svipaðri stöðu fyrir og eftir komuna til Íslands eða félagsleg staða þeirra hafði farið „niður á við“. Þetta er ekki einsdæmi meðal flóttamanna sem flust hafa til Evrópu. Margir vel menntaðir flóttamenn, sem áður tilheyrðu millistétt, upplifðu það að færast niður um stétt eftir flóttann (Pedersen, 2012). Í rannsókn Alþjóðamálastofnunar (2017) kom þetta einnig fram þar sem flóttamenn áttu erfitt með að fá menntun og reynslu metna og þau störf, sem þeim buðust, voru oftast láglaunastörf. Um helmingur viðmælenda í þessari rannsókn var kominn af vel stæðu fólki og tíu viðmælendur voru með háskólamenntun eða höfðu verið í háskólanámi þegar þeir urðu að flýja land. Í stað þess að halda áfram í læknisfræði, verkfræði eða sálfræði unnu þeir nú í afgreiðslustörfum. Í öðrum tilvikum voru viðmælendurnir af fátæku fólki komnir og höfðu séð fram á ótrygga atvinnu hvort sem var í upprunalandinu eða á Íslandi. Tímabundna tilveran, sem fylgdi lífi hælisleitenda, olli því einnig að þeir sáu oft ekki tilgang með því að byrja í námi, til dæmis íslenskunámi, fyrr en komið væri í ljós hvort þeir fengju dvalarleyfi. Í einhverjum tilfellum þurftu þeir að selja eigur til að hafa efni á ferðalaginu til Evrópu eða höfðu steipt sér í skuldir sem olli því einnig að erfitt var fyrir þá að snúa til baka tómhentir. Flestir höfðu ekki gert sér miklar vonir um betra líf í Evrópu en þó kom það þeim á óvart hversu erfitt það var. Einungis einn talaði sérstaklega um að hann teldi að Evrópa myndi þýða betra líf: „Ef þú ert í Afríku heldurðu að ef þú komir til Evrópu verði allt í lagi, þú veist, að þú getir fengið allt.“ Hjá flestum viðmælendanna var ástæðan fyrir því að koma til Evrópu skortur á öðrum möguleikum. Þetta hrekur þær fullyrðingar, sem oft er fleygt fram, að innflytjendur komi í miklum mæli til Evrópu í þeim eina tilgangi að öðlast þægilegt líf. Oft var það ekki fyrsta val þeirra að flytjast til Evrópu heldur reyndust aðrir möguleikar lokaðir (Loftsdóttir, 2017).

## „Svört vinna“

Nokkrir þátttakendur í þessari rannsókn hófu störf áður en atvinnuleyfi þeirra lá fyrir sem er brot á reglum um atvinnuleyfi. Oftast var þá um að ræða að umsókn um atvinnuleyfi hafði verið lögð fram en hafði ekki enn verið samþykkt. Í flestum tilfellum töluðu hælisleitendurnir vel um vinnuveitendur sína. Þeir töluðu um að þeir hefðu í raun verið að gera sér greiða með því að leyfa þeim að vinna, sem hjálpaði þeim andlega og opnaði þeim möguleikann á því að geta byrjað að leigja herbergi um leið og þeir fengju atvinnuleyfi. „Það er of erfitt fyrir mig að sitja heima og hafa

ekkert að gera, svo ég get ekki gert það. Þannig að ég vinn aðeins á hverjum degi og reyni að safna pening til að leigja herbergi,“ sagði einn viðmælandi. Nokkrir hófu störf en hættu svo fljótlega aftur eftir að vinnuveitandinn hafði aflað sér frekari upplýsinga um að starfsmaðurinn mætti ekki byrja að vinna fyrr en eftir að atvinnuleyfið hefði verið veitt. Nokkrir til viðbótar töldu að starfið væri löglegt þar sem umsókn um atvinnuleyfi hefði verið lögð inn þótt atvinnuleyfið væri ekki komið í höfn. Einhverjir þeirra þurftu að bíða í meira en þrjá mánuði á meðan atvinnuleyfið fór í gegn og unnu launalaust þann tíma. Einn maður fékk borgað „svart“ á meðan umsóknin var í vinnslu. Einn þátttakendanna lenti upp á kant við vinnuveitandann eftir að hafa unnið en ekki fengið útborgað.

Margir viðmælenda höfðu unnið við ýmis störf frá því að þeir urðu flóttamenn. Algengast var að þeir hefðu unnið ýmsa tilfallandi vinnu, bæði innan og utan Evrópu. Margir þeirra voru óvanir því að þurfa atvinnuleyfi og þeir voru heldur ekki vanir því skrifræði sem þeir þurftu að fara í gegnum hér á landi til að geta unnið löglega. Einnig fengu þeir ruglingslegar ráðleggingar og þess voru nokkur dæmi að bæði hælisleitandinn og vinnuveitandinn töldu þann fyrrnefnda getað hafið störf þegar umsókn um atvinnuleyfi hafði verið lögð fram en ekki eftir að leyfið væri fengið. „Ég var hjá félagsþjónustunni og lögfræðingurinn sagði að ég hefði rétt til að vinna og ég fékk skjöl um að ég gæti farið að vinna. Þegar ég fékk starfið var mér svo sagt að það væri ólöglegt,“ sagði einn viðmælandi og bætti við að þetta hefði ekki verið „svört vinna“ því að hann hefði sent inn umsókn. Fyrir mörgum þeirra er „svört vinna“ fólgin í að vinna tilfallandi störf fyrir mismunandi atvinnurekendur eins og er tilfellið í mörgum ríkjum Evrópu, þar sem þeir geta vænst þess að fá vinnu einn daginn en ekki þann næsta. Atvinna með umsóknarferli og ráðningarsamningi virðist því fyrir þá vera lögleg vinna þó að atvinnuleyfið lægi ekki fyrir.

Svo virtist sem margir atvinnurekendur hafi ekki áttað sig á því hversu langan tíma það tæki að fá atvinnuleyfi. Þetta má sjá á þeim dæmum þar sem hælisleitendurnir skrifuðu undir samning og hófu störf en voru svo látnir hætta einhverjum dögum eða vikum síðar. Í þremur tilfellum var það þegar atvinnuleyfi var hafnað þar sem viðkomandi féll undir Dyflinnarreglugerðina og í tveimur tilfellum var það eftir að vinnuveitandinn hafði komist að því að biðin eftir atvinnuleyfinu yrði lengri en hann hafði talið. Í einu tilfelli gerðist það að hælisleitandinn fékk ekki greitt fyrir þá vinnu, sem hann hafði stundað, og gafst upp á að leita réttar síns. Í þessu endurspeglast valdaójafnvægi atvinnurekandans og hælisleitandans. Sökum þess að þátttakendurnir í rannsókninni vildu vinna til að halda sér uppteknum, vildu ekki vekja athygli yfirvalda á því að þeir hefðu starfað ólöglega, þó að það hefði verið óviljandi, og vildu heldur ekki styggja vinnuveitandann í þeirri von að fá ef til vill síðar vinnu hjá honum, þá höfðu þeir ekki hagsmuni af því að sækja rétt sinn. Margir leituðust líka við að gera sig að samkeppnisfæru vinnuafli sem væri búið að „sanna sig“ í vinnu þegar þeir gætu farið að vinna löglega. Líklega hafði skortur á vinnuafli fremur þau áhrif að vinnuveitendur voru tilbúnir að ráða fólk til starfa án þess að atvinnuleyfi væri komið í höfn, fremur en vilja ráða viðkomandi „svart“ til að spara launatengd gjöld, þar sem um var að ræða löglega vinnu eftir að atvinnuleyfi var komið í gegn. Af þessum sökum litu þátttakendurnir svo á að vinnuveitandinn hefði gert þeim greiða en töldu ekki að hann hefði notfært sér þá. Flestir viðmælendanna töluðu vel um vinnustaðinn og vinnufélagana en ekki jafn vel um kerfið sem þeim fannst flókið og vinna gegn sér. Þó töluðu nokkrir um að þjónustufulltrúar Vinnumálastofnunar hefðu reynt sitt besta til að hjálpa þeim. Ekki

var um að ræða vantraust til Vinnumálastofnunar eins og kom fram í rannsókn Önnu Wojtynska, Unnar Dísar Skaptadóttur og Helgu Ólafs (2011). Hælisleitendurnir sáu sig fremur sem samherja vinnuveitandans gegn hinni þunglamalegu skriffinnsku frekar en að þeir sæju sig arðrænda eða hlunnfarna af honum. Í þeim tilfellum, þar sem reglum var ekki fylgt, var ekki um „*einbeittan brotavilja*“ að ræða, hvorki hjá vinnuveitanda né hjá hælisleitandanum. Fremur var um flóknara samband að ræða sem byggðist á greiða í báðar áttir, trausti og jafnvel vináttu í einhverjum tilfellum, í bland við vanþekkingu á kerfinu, skorti á vinnuafli og langri bið eftir atvinnuleyfum.

## Umræður

Eins og hér hefur verið lýst vildu flestir þátttakendurnir í þessari rannsókn vera virkir á vinnumarkaði. Það voru þó ýmsar hindranir í vegi þess að hefja vinnumarkaðsþátttöku. Þar var einna helst um að ræða hversu tímafrekt og flókið reyndist að sækja um atvinnuleyfi ásamt því að sumir þátttakendanna áttu ekki rétt á því þar sem mál þeirra féllu undir Dyflinnarreglugerðina. Tæpur helmingur þátttakenda átti þess kost að sækja um tímabundið atvinnuleyfi meðan hælisumsókn þeirra var tekin til skoðunar. Þrátt fyrir að sumir þeirra mættu sækja um tímabundið atvinnuleyfi voru margar hindranir í vegi þess að þeir gætu í raun unnið með löglegum hætti. Má þar nefna erfiðleika tengda skrifræði, tímabundna stöðu þeirra og langan úrvinnslutíma umsóknarinnar. Staða þeirra sem hælisleitendur og hversu mikið þeir voru tilbúnir til að leggja á sig til að fá vinnu og halda henni olli því einnig að þeir voru í viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði. Löng bið eftir atvinnuleyfi og skortur á þekkingu á kerfinu ollu því að sumir þátttakendanna hófu störf áður en atvinnuleyfi þeirra lá fyrir.

Cammack (2009) gagnrýnir hvernig auðvald reyni að viðhalda yfirráðum sínum yfir vinnuafli, ekki síst með auknum áherslum á samkeppni á vinnumarkaði. Þátttakendur í þessari rannsókn sýndu margir hverjir að þeir tóku fullan þátt í þessari samkeppnishugsun. Vinna skipti þá miklu máli, bæði fyrir sjálfsmynd sína og fyrir andlega líðan. Þeir lögðu því ýmislegt á sig í því erfiða umhverfi sem þeim var skapað á vinnumarkaði. Á sama tíma og íslenskt samfélag gerði ráð fyrir mikilli atvinnuþátttöku og var að mörgu leyti vinnumarkaðsmiðað þá var lítið gert til að auðvelda aðgengi hælisleitenda að vinnumarkaðnum. Þvert á móti var þátttöku þeirra hamlað bæði með því að setja henni lagalegar skorður en líka með þeim hindrunum sem hefur verið lýst hér á undan. Eins og hér hefur verið lýst ollu ýmis atriði því að hælisleitendur voru í viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði. Sambland lagalegrar stöðu hælisleitenda og skorts á aðgengi að vinnumarkaðnum olli því að þeir áttu á hættu að festast í harkvinnu (Anderson, 2010). Þar var um að ræða sambland innflytjendastöðu og tímabundinnar lagalegrar stöðu sem olli því að hælisleitendur á vinnumarkaði voru bæði í viðkvæmri stöðu gagnvart atvinnurekandanum og ríkinu. Líkt og Waite (2009) og Lewis o.fl. (2015) hafa bent á er harkvinna oft samofin öðrum þáttum sem valda viðkvæmri stöðu fólks, svo sem innflytjendastöðu, fátækt og tímabundinni atvinnu.

## Heimildir

Aas, K. F. (2011). ‘Crimmigrant’ bodies and bona fide travelers: Surveillance, citizenship and global governance. *Theoretical Criminology*, 15(3): 331–346.

- Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands (2017). Greining á þjónustu við flóttafólk. Sótt 2. mars 2017 af <http://ams.hi.is/wp-content/uploads/2017/09/A%C3%B0%C3%B6gun-fl%C3%B3ttaf%C3%B3lks-Sk%C3%BDrsla-sept-2017.pdf>
- Anderson, B. (2010). Migration, immigration controls and the fashioning of precarious workers. *Work, Employment and Society*, 24(2), 300–317.
- Anderson, B., Sharma, N. og Wright, C. (2009). Editorial: Why no borders? *Refuge*, 26(2), 5–18.
- Andersson, R. (2014). Time and the migrant other: European border controls and the temporal economics of illegality. *American Anthropologist* 116(4), 1–15.
- Atkinson, A. B. (1998). Social exclusion, poverty and unemployment. Í A. B. Atkinson og J. Hills (ritstjórar), *Exclusion, employment and opportunity* (bls. 1–20). London: Centre for Analysis of Social Exclusion.
- Balibar, E. (2009). Europe as Borderland. *Environment and Planning D*, 27, 190–215.
- Bhatia, M. (2015). Turning asylum seekers into ‘dangerous criminals’: Experiences of the criminal justice system of those seeking sanctuary. *International Journal for Crime, Justice and Social Democracy*, 4(3), 97–111.
- Burchardt, T., Le Grand, J. og Piachaud, D. (1999). Social exclusion in Britain 1991–1995. *Social Policy and Administration*, 33(3), 227–244.
- Cabot, H. (2012). Governance of things: Documenting limbo in the Greek asylum procedure. *PoLAR: Political and Legal Anthropology Review*, 35(1), 11–29.
- Cammack, P. (2009). Poverty reduction and universal competitiveness. *Labour, Capital and Society*, 42(1 og 2), 33–54.
- Casas-Cortéz, M. (2014). A genealogy of precarity: A toolbox for rearticulating ragmented social realities in and out of the workplace. *Rethinking Marxism*, 26(2), 206–226. doi:10.1080/08935696.2014.888849
- Correa-Velez, I., Spaaij, R. og Upham, S. (2012). ‘We are not here to claim better services than any other’: Social exclusion among men from refugee backgrounds in urban and regional Australia. *Journal of Refugee Studies*, 26(2), 163–186.
- Cross, H. (2013). *Migrants, borders and global capitalism. West African labour mobility and EU borders*. London: Reuters.
- De Genova, N. (2015). Border struggles in the migrant metropolis. *Nordic Journal of Migration Research*, 5(1), 3–10.
- Doyle, L. (2009). *‘I hate being idle’: Wasted skills and enforced dependence among Zimbabwean asylum seekers in the UK*. London: Refugee Council.
- Duffield, M. (2006) Racism, migration and development: The foundations of a planetary order,” *Progress in Development Studies*, 6(1), 68–79.
- Fassin, D. (2011). Policing borders, producing boundaries. The governmentality of immigration in dark times. *Annual Review of Anthropology*, 40(1), 213–226.
- Griffiths, M. (2014). Out of time: The temporal uncertainties of refused asylum seekers and immigration detainees. *Journal of Ethnic and Migration Studies* 40(12), 1991–2009.
- Hartley, L. og Fleay, C. (2014). *Policy as punishment: Asylum seekers in the community without the right to work*. Perth: Curtin University.
- Harvey, D. (2005). *A brief history of neoliberalism*. Oxford: Oxford University Press.

- Hynes, P. (2011). *The eispersal and social exclusion of asylum seekers: Between liminality and belonging*. Bristol: Policy Press.
- Kæruférfnd útlendingamála (2018). *Málsmeðferðartími*. LSótt 7. febrúar 2018 af <http://www.knu.is/is/2015-06-30-16-38-15/malsmedhferdhartimi.html>
- Landssamtök lífeyrissjóða (2018). *Erlendir ríkisborgarar*. Sótt 27. febrúar 2018 af <https://www.lifeyrismal.is/is/spurt-og-svarad>
- Lewis, H., Dwyer, P., Hodkinson, S. og Waite, L. (2015). Hyper-precarious lives: Migrants, ork and forced labour in the global north. *Progress in Human Geography*, 39(5), 580–600.
- Loftsdóttir, K. (2017). ‘Europe is finished’: Migrant lives in Europe’s capital at times of crisis. *Social Identities*. doi:10.1080/13504630.2017.1414594
- Ingvarsson, L., Egilsson, S. Þ. og Skaptadóttir, U. D. (2016). ‘I Want a normal life like anyone else’: Daily life of asylum seekers in Iceland. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 23(6), 416–424. doi:10.3109/11038128.2016.1144787
- Lubkemann, S. (2008). Involuntary immobility: On a theoretical invisibility in forced migration studies. *Journal of Refugee Studies*, 21(4), 454–475.
- Pedersen, M. (2012). Going on a class journey: The inclusion and exclusion of Iraqi refugees in Denmark. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 38(7), 1101–1117.
- Priest, H., Roberts, P. og Woods, L. (2002). An overview of three different approaches to the interpretation of qualitative data. *Nurse Researcher*, 10(1), 30–41.
- Ríkisskattstjóri (2018). Income tax. Sótt 27. febrúar 2018 af <https://www.rsk.is/english/individuals/non-resident/>
- Sales, R. (2002). The deserving and the undeserving: Refugees, asylum seekers and welfare in Britain. *Critical Social Policy*, 22(3), 456–478.
- Sassen, S. (1988). *The mobility of labor and capital. A study in international investment and labor flow*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Schuster, L. (2004). The exclusion of asylum seekers in Europe. [Working Paper no. 1] Oxford: Centre on Migration, Policy and Society.
- Stobart, L. (2009). Borders, labour impacts, and union responses: Case of Spain. *Refugee*, 26(2), 29–40.
- Suddaby, R. (2006). What grounded theory is not. *Academy of Management Journal*, 49(4), 633–642.
- Turner, B. (2007). The enclave society: Towards a sociology of immobility. *European Journal of Social Theory*, 10(2), 287–303.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska. (2019). Sveigjanlegur vinnumarkaður, hrakvinna og innflytjendur. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(2), 14-28.
- Útlendingastofnun. (2016). *Tölfræði hælismála á fyrsta ársfjórðungi 2016*. Sótt 20. janúar 2017 af [http://utl.is/files/Tlfri\\_hlismla\\_Q1\\_2016.pdf](http://utl.is/files/Tlfri_hlismla_Q1_2016.pdf)
- Útlendingastofnun. (2018a). *Ársskýrslur*. Sótt 25. febrúar 2018 af <http://utl.is/index.php/um-utlendingastofnun/arsskyrslur>
- Útlendingastofnun. (2018b). *Bráðabirgðadvalar- og atvinnuleyfi*. Sótt 20. febrúar 2018 af <http://utl.is/index.php/bradhabirgdhadvalar-og-atvinnuleyfi>
- Útlendingastofnun. (2018c). *Tölfræði hælismála*. Sótt 20. febrúar 2018 af <http://utl.is/index.php/um-utlendingastofnun/toelfraedhi>

- Wojtynska, A., Skaptadóttir, U. D. og Ólafs, H. (2011). *The participation of immigrants in civil society and labour market in the economic recession*. Háskóli Íslands: Félags og mannvísindadeild.
- Waite, L. (2009). A place and space for a critical geography of precarity? *Geography Compass*, 3(1), 412–433.

## Um höfund

Helga Katrín Tryggvadóttir var doktorsnemi í mannfræði við Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk meistaraprófi í þróunarfræði frá Háskóla Íslands árið 2011. Doktorsrannsókn Helgu fjallaði stöðu hælisleitenda og flóttafólks á Íslandi en hún skrifaði líka um aðra þætti eins og andóf og umhverfismál.